



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga FRN23050133
Ráðuneyti	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti
Stig mats	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	23. maí 2023

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. **Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs**

Við frummat á áhrifum er fyrst og fremst stuðst við skjal um áform um lagasetningu og litið til frumdraga frumvarpsins sem eru í vinnslu. Markmiðið með frumvarpinu er fryst og fremst að bæta úrræðið um greiðsluaðlögun einstaklinga, byggt á þeirri reynslu og þekkingu sem nú er til staðar, til þess að gera úrræðið betra, skilvirkara og málsmeðferðina skýrari, til hagsbóta fyrir umsækjendur.

2. **Tekjubreytingar**

– Ekki er gert ráð fyrir tekjubreytingum.

3. **Útgjaldabreytingar**

– Við frummat á áhrifum er ekki gert ráð fyrir kostnaðarauka umfram núverandi fjármögnun embættis umboðsmanns skuldara.

4. **Eignabreytingar**

– Ekki er gert ráð fyrir breytingum á eignastöðu ríkissjóðs.

5. **Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál**

Ekki er gert ráð fyrir því að fyrirhugaðar breytingar á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga muni koma til með að hafa áhrif á fyrirkomulag ríkisfjármála, reikningshaldslegan grundvöll þeirra, skattkerfi, þjónustugjöld, útboð og eignauskýslu ríkisins svo eitthvað sé nefnt.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. **Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:**

Embætti umboðsmanns skuldara er fjármagnað af fjármálafyrirtækjum, sbr. 5. gr. laga um umboðsmann skuldara, nr. 100/2010, og ekki gert ráð fyrir að fyrirhugaðar breytingar hafa kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

2. **Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum? Á ekki við.**

3. **Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu? Ekki er gert ráð fyrir aukinni tekjuöflun.**

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. **Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið.** Ekki er gert ráð fyrir að fyrirhugaðar breytingar á lögum um greiðsluáðlögun einstaklinga hafi áhrif á þessa þætti.
2. **Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnarsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999.** Ekki er gert ráð fyrir að fyrirhugaðar breytingar á lögum um greiðsluáðlögun einstaklinga hafi áhrif á þessa þætti.
3. **Samkeppnisskilyrði.** Ekki er gert ráð fyrir því við frummatið að fyrirhugaðar breytingar hafi áhrif á samkeppnisskilyrði..

D. Önnur áhrif

1. **Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011**
Fyrirhugaðar breytingar á lögum um greiðsluáðlögun einstaklinga eru ekki taldar hafa áhrif á fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. Við skrif frumvarpsins og gerð endanlegs mats á áhrifum, verða kostnaðaráhrif á fjárhag sveitarfélaga könnuð til hlítar í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga..
2. **Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi)**
Á ekki við.
3. **Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000**
Á ekki við.
4. **Áhrif á byggðalög.** Afar ólíklegt er að fyrirhugaðar breytingar hafi áhrif á byggðarlög.
5. **Áhrif á frjáls félagasamtök.** Fyrirhugaðar breytingar hafa ekki áhrif á frjáls félagasamtök.
6. **Áhrif á jafnrétti kynjanna**
Jafnréttismat verður unnið samhliða gerð frumvarpsins.
7. **Áhrif a lýðheilsu.** Verður metið eins og kostur er samhliða gerð frumvarpsins en við frummat er gert ráð fyrir að breytingarnar kunni að hafa einhver áhrif á lýðheilsu þá í jákvæða átt.
Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir. Fyrirhugaðar breytingar hafa ekki áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.
8. **Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.** Ekki er talið að fyrirhugaðar breytingar komi til með að hafa áhrif á samskipti þvert á norræn landamæri.
9. **Áhrif á stjórnarsýslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.** Verður metið samhliða vinnslu frumvarpsins en það er afar ólíklegt að breytingarnar komi til með að hafa áhrif á aðra en embætti umboðsmanns skuldara, þá í átt til aukinnar skilvirkni og einfaldara regluverks.
10. **Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.** Breytingunum sem lagðar verða til með frumvarpinu er ætlað að hafa áhrif á þá einstaklinga sem eru í erfiðri fjárhagsstöðu og munu því hafa jákvæð áhrif á stöðu þeirra sem minnst hafa milli handa og eru í fjárhagsvanda. Breytingarnar geta haft áhrif á stöðu öryrkja, atvinnuleitenda, fólks á leigumarkaði og fólks sem er yngra en 50 ára, en þetta eru þau sem leita til umboðsmanns skuldara í hvað mestum mæli.
11. **Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.** Afar ólíklegt að fyrirhugaðar breytingar hafi áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. **Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag.** Markmið fyrirhugaðra breytinga á lögum um greiðsluáðlögun einstaklinga eru að bæta úrræðið og gera málsmeðferð skýrari og skilvirkari til hagsbóta fyrir

umsækjendur. Ekki er gert ráð fyrir að fyrirhugaðar lagabreytingar hafi í för með sér útgjaldaauka fyrir ríkissjóð.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á
3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat). Ráðuneytið telur nauðsynlegt að bæta úrræðið um greiðsluáðlögun einstaklinga til þess að bregðast við breyttum aðstæðum frá því að lögin voru upphaflega sett eftir efnahagshrunið og nýta þá þekkingu og reynslu sem til er orðin á þeim 13 árum sem úrræðið hefur verið við lýði. Allar miða fyrirhugaðar breytingar að því að bæta stöðu umsækjenda með því að aðlaga úrræðið betur að raunverulegum aðstæðum dagsins í dag og gæta þannig hagsmuna þeirra sem eru í fjárhagsvanda, sem oft er fólk í viðkvæmri stöðu að öðru leyti.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?
2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?
3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?